

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar sem samþykkt þessi nær til, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greiða skuli í bæjarsjóð gjald fyrir veitt leyfi þó eigi hærra en kr. 1 000.00 á ári. Gjaldi þessu sé varið til vörslu bæjarlandsins.

6. gr.

Bæjarstjórn skal skylt að láta gera búfjánhald girðingu umhverfis byggð í bænum og skipuleggja landssvæði fyrir búfjánhald utan þeirra bæjarmarka. Stefnt skal fljótt og skipulega að því að allt búfjánhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 5 000.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjánhald í kaupstöðum og kaupsýnum, til þess að öðlast gildi frá 1. október 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um búfjánhald í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að stemma stigu við óhóflegu búfjánhaldi innan lögsagnarumdæmis Akureyrar og tryggja að gróðurlendi bæjarins verði ekki spillt. Skal reglugerð þessi endurskoðuð í síðasta lagi 1982 með tilliti til þess, hvort rétt sé að takmarka búfjánhald enn frekar.

2. gr.

Búfjánhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita, alifugla) er óheimilt innan lögsagnarumdæmis Akureyrar, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkv. 2. gr. skal senda um það umsókn til bæjarráðs. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta. Leyfisveiting fyrir hesta og sauðfé er háð því, að umsækjandi sé félagi í viðkomandi félaga-

samtökum (hestamanna eða fjáreigenda) og skal vottorð þess efnis fylgja um-sókninni.

4. gr.

Nú telur bæjarstjórn að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi og getur hún þá veitt leyfi, sem bundið er við tiltekinn hámarksfjölda. Veitt leyfi til búfjárhalds skuldbindur þó Akureyrarbæ ekki til þess að sjá leyfishöfum fyrir beitiandi handa búfé né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins. Leyfið er veitt til óákveðins tíma, en er uppsegjanlegt með árs fyrirvara miðað við 1. júní ár hvert. Leyfið er háð gildandi reglugerð um búfjárhald á hverjum tíma og er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að greiða skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip, sem leyfi er veitt fyrir, eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi.

6. gr.

Sá, sem fær leyfi til búfjárhaldsins samkvæmt reglugerð þessari skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni, sem það kann að valda.

7. gr.

Ef leyfishafi brýtur reglugerð þessa um meðferð búfjárins, má afturkalla leyfið og getur þá umsjónarmaður hlutast til um að búféð sé tekið úr vörslu eiganda og er heimilt að selja það á opinberu uppbóði eða slátra því. Þannig má og fara með búfé, sem ekki hefir verið fengið leyfi fyrir.

8. gr.

Enginn má hafa búfé nema hann hafi yfir það hús, sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beutiland handa búfé sínu á sumrum og fóður að vetri svo og allri meðferð búfjárins. Ef búfjáreigandi vill láta búpening ganga úti að vetri eða beita búfé skal það því aðeins heimilt að búféð sé í öruggri vörslu.

9. gr.

Eigendum sauðfjár er gert að greiða árlegt gjald í bæjarsjóð, nefnt búfjargjald. Ennfremur er þeim skylt að kosta fjallskil og greiða hagatoll ár hvert fyrir beit á Glerárdal. Á sama hátt er eigendum hesta gert að greiða búfjargjald og hagatoll fyrir beit á Glerárdal. Jarðeignanefnd gerir árlega tillögur til bæjarráðs um upphæð búfjargjalds og hagatolls. Fyrrgreind gjöld falla í gjalddaga í nóvember ár hvert og skulu reiknuð eftir skýrslum forðagæslumanns. Búfjargjaldið reiknast fyrir komandi ár en hagatollur fyrir liðið sumar. Forðagæslumaður heldur skýrslu um leyfðan fjölda búfjár. Um upprekstur og beit sauðfjár og hesta á Glerárdal nyrðri ofan fjallsgirðingar og hagatoll fyrir beitarréttindin vísast til samkomulags milli eigenda landsins.

II. KAFLI

Um nautgripahald, svína, geitfjár og alifugla.

10. gr.

Nautgripi skal hafa neðan fjallsgirðingar á afgirtum túnnum eða löndum og bera eigendur alla ábyrgð á að þeir sleppi ekki út af löndum þeirra.

11. gr.

Utanhúss skulu svín og alifuglar vera í vönduðum afgirtum girðingum eða stíum.

12. gr.

Vörslu geitfjár utanhúss skal hverju sinni hagað í samráði við umsjónarmann.

III. KAFLI**Um sauðfjárhald.****13. gr.**

Félagssamtök fjáreigenda tilnefna trúnaðarmann, sem í samvinnu við umsjónarmann skal fylgjast með, að leyfður fjöldi sauðfjár fari ekki yfir sett hámark og umsækjendur hafi hús og möguleika til fóðuröflunar og aðra nauðsynlega aðstöðu.

14. gr.

Afréttur Akureyrar er Glerárdalur og allt land ofan og vestan fjallsgirðingar þ.e. vestan Hamratúns, Breiðumýrar og jarða norðan Glerár. Réttir eru tvær, Miðhúsarétt vestan Jaðars, sem er aðalrétt og Glerárrétt norðan Glerár, aukarétt. Leyfshafar skulu hafa sem jafnastan rétt til afnota á afrétti Akureyrar sbr. 18. gr.

15. gr.

Óheimilt er að hafa sauðfé neðan afréttargirðingar á tímabilinu 15. júní til 1. september nema með sérstöku leyfi umsjónarmanns og skal slíkt leyfi vera skriflegt. Nauðsynleg skilyrði má setja í leyfið.

16. gr.

Heimilt er umsjónarmanni að láta smala og reka til afréttar fé, sem er neðan fjallsgirðingar eftir 15. júní og ekki er leyfi fyrir samkvæmt 15. gr. Lausagöngufé má reka fyrir til afréttar. Eigendur slíks fénaðar má krefja um allan kostnað, sem af smölun hlýst.

17. gr.

Skyldir eru fjáreigendur að gera fjallskil fyrir allt vetrarfóðrað fé, nema sannanlegt sé að féð hafi verið rekið á aðra afrétt eða gengið í öðrum sumarhögum og getur umsjónarmaður krafist vottorðs þar um. Sá sem fóðrar fé fyrir aðra ber ábyrgð á fjallskilum og búfjárhaldi fyrir það. Vorsmölun er ekki skyld á afrétt Akureyrar. Að öðru leyti fer um fjallskil samkvæmt fjallskilareglugerð Eyjafjarðarsýslu, nr. 310/1973.

18. gr.

Leyfður fjöldi á afrétti (ítala) skal ákveðinn að hausti ár hvert eftir að bæjarráð eða jarðeignanefnd í umboði þess hefur kannað ástand gróðurlendis á Glerárdal. Reynist nauðsynlegt að fækka sauðfé (lækka ítölu) á afrétti, skal að jafnaði fækka sauðfé þeirra einstaklinga, sem eiga fleiri en 10 vetrarfóðraðar kindur og/eða þeirra fjölskyldna, sem eiga fleiri en 20. Ákvæði þetta tekur þó ekki til lögbýlisjarða innan lögsagnarumdæmisins.

IV. KAFLI**Um hestahald.****19. gr.**

Félagssamtök hestamanna tilnefna trúnaðarmann, sem í samvinnu við umsjónarmann skal fylgjast með því að leyfður fjöldi hesta fari ekki yfir sett hámark og umsækjendur hafi hús, möguleika til fóðuröflunar og aðra nauðsynlega aðstöðu svo sem beitiland.

20. gr.

Með tilvísun til samkomulags milli eigenda jarðanna Glerár, Hlíðarenda, Hesjuvalla og Lögmanshlíðar, getur bæjarstjórn heimilað hestamannafélagi að beita hestum á afrétt Akureyrar eftir 1. göngur ár hvert (um 15. september). Leyfður fjöldi er nú takmarkaður við 60 hross á norðurdalnum en 40 hross á suðurdalnum og er heimilt að endurskoða þann fjölda ef þurfa þykir. Reynist nauðsynlegt að fækka hestum á afrétti, skal að jafnaði fyrst fækka hestum þeirra einstaklinga, sem eiga fleiri en 2 hross og/eða þeirra fjölskyldna, sem eiga fleiri en 3 á afrétti. Bæjarstjórn getur falið hestamannafélagi eða öðrum að hafa umsjón með leyfisveitingu fyrir hrossbeit á afrétti Akureyrar.

21. gr.

Komi hestar á Glerárdal yfir sumarið fyrir 15. september eru eigendur þeirra skyldir að fjarlægja þá þegar í stað, að öðrum kosti skal umsjónarmaður láta fjarlægja þá á kostnað eigenda.

22. gr.

Skyldir eru hestaeigendur að annast og kosta smölun hesta sinna af afréttinum. Sá, sem fóðrar hesta fyrir aðra, ber ábyrgð á búfjárgjaldi fyrir þá. Smölun hesta af afrétti til réttar skal fara fram fyrir 20. nóvember ár hvert. Að öðru leyti fer um smölun hrossa samkvæmt fjallskilareglugerð Eyjafjarðarsýslu nr. 310/1973.

V. KAFLI

Um byggingar peningshúsa o. fl.

23 gr.

Byggingar peningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum, sem bundin eru í aðalskipulagi bæjarins. Bæjarráð eða byggingarnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um veitingu byggingarlóða að fenginni umsögn jarðeignanefndar.

24. gr.

Undantekning frá ofansögðu eru peningshúsabyggingar á lögbýlisjörðum og býlum í bæjarlandinu. Veiting byggingarlóða á þeim fer hverju sinni eftir tillögum bæjarráðs eða bygginganefndar í umboði þess, umsögn jarðeignanefndar og samþykki bæjarstjórnar.

25. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið bann við öllu búfjárhaldi innan ákveðins svæðis bæjarlandsins, er náí út fyrir hin skipulögðu byggingarsvæði ef þurfa þykir. Geymsla búfjár á erfðafestulöndum þar sem leyft er skv. framansögðu skal því aðeins heimil, að girðingar umhverfis þau séu örugglega fjárheldar. Sama gildir um býli og lögbýlisjarðir.

26. gr.

Halda skal skrá um leigð lönd. Leitast skal við að taka til greina tillögur stjórna hestamanna- og fjáreigendafélaganna um leigu á löndum, sem miða að því að jafna aðstöðu félagsmanna.

27. gr.

Einstaklingar og félög hesta- og fjáreigenda, sem hafa lönd á leigu til grasnytja, skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann m. a. með því að bera á löndin eftir þörfum. Leigutaki skal gæta þess, að löndin verði aldrei ofbeitt. Umsjónarmaður jarðeigna skal fylgjast með ástandi leigulanda, en getur einnig kvatt til óvilhalla menn, ef ástæða þykir til.

28. gr.

Daglegt eftirlit með jarðeignum bæjarins og vörslu bærlandsins skal vera undir stjórn umsjónarmanns jarðeigna bæjarins, eða þess, sem bærstjórn ákveður.

29. gr.

Jarðeignanefnd er ráðgefandi um málefni jarðeigna bæjarins, og annað er búfjárhald snertir. Bæjarráð getur falið henni umboð til að gera tillögur til bærstjórnar um afgreiðslu erinda um búfjárhald og leigur á löndum til beitar og ræktunar. Nefndin skal skipuð 5 mönnum, tveimur kosnum af bærstjórn til 4 ára í senn. Sjálfkjörnir í nefndina eru lóðarskrárritari, umsjónarmaður jarðeigna og bærverkfraðingur.

30. gr.

Fjallskilastjórn skipa 5 menn, fjórir kosnir af bærstjórn til 4 ára í senn. Sjálfkjörinn í nefndina er umsjónarmaður jarðeigna, sem jafnframt er formaður nefndarinnar eða staðgengill hans, sem bæjarráð tilnefnir. Öllum eigendum búfjár er skylt að hlíta fyrirmælum fjallskilastjórnar um upprekstur á afrétt og smölun afrétta og heimalanda. Fjallskilastjórn jafnar niður vinnu eða dagsverkum við fjallskil eftir ásetningsskýrslu um fjáreign. Skal leggja jafnmargar kindur í dagsverkið hjá öllum fjáreigendum, hvort sem þeir eiga margt eða fátt. Einnig getur hún jafnað kostnaðinum niður í peningum eftir sömu reglu, þyki betur henta. Setji fjáreigendur fé sitt upp fyrir fjallgirðingu að loknum 1. göngum er fjallskilastjórn heimilt að jafna niður á þá aukadagsverkum við 2. göngur eftir fjáreign. Á sama hátt skal nefndin fylgjast með því að hrossasmölun fari fram á afrétti. Óskilafé og óskilahross skal farið með samkvæmt ákvæðum VIII. kafla fjallskilalaga, nr. 42 12. maí 1969.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

31. gr.

Greini fjallskilareglugerð Eyjafjarðarsýslu á við reglugerð þessa, ræður reglugerð þessi.

32. gr.

Auk ákvæða reglugerðar þessarar gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar, kafla XVII um peningshús, búrekstur og skepnuhöld.

33. gr.

Umsjónarmaður skal láta handsama og taka í vörslu bæjarins búfé, svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem látið er ganga laust í bænum, gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar. Ennfremur geta þeir, sem fyrir ágangi verða, látið handsama ágangsfénað en þeir skulu skýra umsjónarmanni frá því tafarlaust. Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun þess, fóðrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir og má láta selja búfénaðinn á opinberu uppboði til lúkningar kostnaðinum verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina eða ef eigi er vitað um eiganda innan hæfilegs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búfjár bæta það tjón, er búféð hefur valdið. Ef um ítrekað brot verður að ræða á lausa-göngu fjár varðar það sektum og leyfissviptingu.

34. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

VII. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

35. gr.

Allir þeir, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé, sem fellur undir reglugerðina, skulu innan 6 mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjárhald sitt, og sótt um leyfi, ella fellur niður heimild þeirra til þess að halda búfé.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 og lögum nr. 31/1973, svo og með heimild í lögreglusamþykkt fyrir Akureyri nr. 45/ 1954, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. febrúar 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

28. febrúar 1977.

Nr. 142.

REGLUGERÐ

um heilsugæslu og félagslega aðstoð við andlega vanþroska fólk, sem ekki dvelst í fávítastofnunum.

1. gr.

Vangefið fólk, sem ekki er vistað í fávítastofnunum, skal njóta aðstoðar, er miðar að því að gera því fært að búa í heimahúsum, hvort heldur er hjá foreldrum, ættingjum, eða öðrum, sem taka að sér umönnun þess.

2. gr.

Við Kópavogshælið skal reka göngudeild, er hefur með höndum umsjón og skipulagningu þessarar þjónustu.

Göngudeild Kópavogshælis getur falið öðrum þeim stofnunum þjóðfélagsins, er aðstöðu hafa hver á sínu sviði, framkvæmd. Þær stofnanir geta verið heilsugæslustöðvar, geðverndarstöðvar, sálfræðideildir skóla, æfingastöðvar fyrir fatlaða, heimilishjálp, leikskólar, félagsmálastofnanir og endurhæfingarstöðvar.

3. gr.

Sérstaka skrá skal halda yfir alla vangefna bæði þá, sem eru í heimahúsum og stofnunum og færa á hana alla örvita, fávita og vanvita. Skrá má annað vanþroska fólk ef óskað er aðstoðar fyrir það samkvæmt reglugerð þessari.

Skráning vangefinna skal vera á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.

Göngudeild Kópavogshælis skal sjá um skráningu og þar skal varðveisla spjaldskrár vera. Við deildina skal starfa sálfræðingur, er annast skráningu og athuganir og mælingar á stigi og eðli vanþroskans.

4. gr.

Um fræðslu vangefinna fer að lögum um grunnskóla nr. 63/1974 og reglugerð um sérkennslu.